

Systkinaafsláttur til meðferðar inn í fjárhagsáætlunargerð

Tillaga

Flutningsmaður Harpa Þorsteinsdóttir

Garðabæjarlistinn leggur til að það verði gert ráð fyrir fjármagni í verkefnið Systkinaafsláttur í íþrótt- og tómstundastarf við fjárhagsáætlunargerðina og styðja þannig frekar við barnafjölskyldur til þess að mæta kostnaði við að innleiða systkinaafslátt.

Greinagerð

Við leggjum áherslu á mikilvægi þess að sú tillaga sem áður hefur verið lögð fram um systkina- eða fjölgreinaafslátt verði tekin áfram til úrvinnslu. Það er mikilvægt að farið verði í þá vinnu að finna flöt á því með hvaða hætti er hægt að styðja við barnafjölskyldur sem og ekki síður að sýna í verki að Garðabær leggur metnað í að fylgja eftir sáttmála um heilsueflandi samfélag á sem flestum sviðum.

Það er ljóst að til að mynda Stjarnan ein og sér getur ekki staðið undir þeim kostnaði sem hlýst af því að veita systkinaafslátt miðað við núverandi rekstrargrundvöll og því mikilvægt að það sé gert ráð fyrir að leitað verði leiða til þess að mæta barnafjölskyldum sem bera mikinn kostnað af íþrótt- og tómstundaiðkun barna sinna.

Með þessum hætti erum við að styrkja börnin í bænum við að iðka íþróttir, létta undir með barnafjölskyldum og vinna í að efna kosningaloforð sem var lagt fram af báðum þeim framboðum sem sitja hér við borðið. Þannig er ríkuleg ástæða að gera ráð fyrir þeim kostnaði sem það kann að hafa í för með sér.